



Ársskýrsla Klífursambands Íslands  
2024

<b>Erindi formanns</b>	<b>2</b>
<b>Stjórn og nefndir</b>	<b>4</b>
<b>Iðkendaölur</b>	<b>5</b>
<b>Viðburðir</b>	<b>6</b>
Útiklifurþing KÍ og ÍSALP	6
Fræðsuerindi frá Gudmund Grønhaug	7
<b>Námskeið fyrir dómara og þjálfara</b>	<b>7</b>
<b>Klifurfólk ársins og heiðursviðurkenningar</b>	<b>8</b>
Kvenklifrari ársins 2023	8
Karlklifrari ársins 2023	8
Heiðursviðurkenningar	8
<b>Landslið og úrvalshópar</b>	<b>11</b>
Starfsárið	11
Leiðin á Ólympíuleikana	12
Samantekt á helstu afrekum	12
Yfirlit yfir æfingaferðir og erlend mót	13
Meðlimir úrvalshópa KÍ	14
<b>Mót</b>	<b>15</b>
Íslandsmeistaramót í grjótblímu	15
Íslandsmeistaramót í línuklifri	16
Bikarmót í grjótblímu	17
Bikarmót í línuklifri	18
<b>Útiklifurafrek Íslendinga</b>	<b>19</b>

# Erindi formanns

Það er alltaf tími íhugunar þegar farið er í gegnum liðið ár, en nú stígum við inn í fjórða ár Klifursamband Íslands. Sér sambandsstörfin eru farin að mótast, meiri þekking farin að myndast innan vébanda þeirra og almennt meiri þroski með hverju árinu sem líður. Það urðu stórir og litlir sigrar árið 2023, við uppskárum árangur og almenna klifurgleði í samfélaginu okkar.

Á þessu ári fögnuðum við mikilvægum framfaraskrefum í stöðu sambandsins okkar - til vitnis um ástríðu og dugnað allra þeirra sem lögðu hönd á plóg, starfsmenn, stjórn og aðrir sem komu að sambandsstörfum. Kí varð viðurkennt sem stærra samband og er það viðurkenning ekki aðeins fyrir viðleitni okkar heldur setur það okkur ný viðmið og hjálpar okkur að setja markið hærra og að hækka rána.

Íþróttafólkið okkar hefur enn og aftur gert okkur stolt á alþjóðavettvangi með flottum árangri í keppnum eins og Norðurlandamótum og heimsbikarmótum, þar sem við sendum keppendur í flokki ungmenna, fullorðinna og paraklifrara. Íþróttafólkið okkar hefur sýnt einstaka hæfileika og ákveðni á þessum stóru viðburðum og mikil, sem og mikilvæg, reynsla hefur dottið inn.

Það er gaman að segja frá því að í ár var Ísland í fyrsta sinn síðan 1994 með keppanda á heimsbikarmóti. Í 30 ár hefur ekki verið sendur keppandi á slík mót. Þetta er því stórt ár og gaman að minnast þess afreks þegar Björn Baldursson keppti fyrir hönd Íslands í Villach eftir að hafa æft sig einungis utandyra, en gekk þrýðis vel.

Afreksfólkinu okkar gekk vel á Norðurlandamótunum þar sem nefna má að Gabríela Einarsdóttir átti besta árangur íslenskra kvenna í fullorðinsflokki á slíku móti. Einnig er sambandið með keppanda sem hefur verið að leggja mikla vinnu á sig við að komast á Ólympíuleikana í París 2024 og sambandið óskar henni Svönu Bjarnason góðs gengis í þeirri vegferð, en nú fer í höndþátttaka á úrtökumótum sk. Olympic Qualifier Series mótum hjá henni, þar sem keppt er um laus sæti í keppninni í París.

Á sviði útiklifurs höfum við orðið vitni að byltingarkenndum árangri sem minnir okkur á þá miklu möguleika sem er að finna innan samfélags okkar. Rúna Thorarensen varð fyrsta íslenska konan, sem alist hefur upp í íslenska klifursamfélaginu, til að klifra útiklifurleið með gráðuna 8a í Siurana. Árangur Rúnu er mikill innblástur fyrir okkur öll og vitnisburður að þeim árangri sem við getum náð með þrautseigju og hugrekki.

Í ár héldum við í samstarfi við ÍSALP mikilvægt klifurþing þar sem umræðuefnið var aðgengismál, gráðanir og siðferði í útiklifri. Þingið mátti vissulega þola fleiri gesti og fleiri

skoðanir, en það mikilvægasta sem við tókum úr þessari samvinnu er að aðgengismál eru okkar mikilvægasta verkefni á komandi tímum. Klifursvæðin sem við, klifursamfélagið í heild, höfum byggt upp þurfa að vera aðgengileg og mikilvægt að vernda þau fyrir komandi kynslóðir klifrara. Samstarfi við ÍSALP var fagnað og vonumst við eftir frekari samvinnu og umræðum um þörf málefni sem tengjast útiklifuranganum að íþróttinni okkar. Saman erum við jú sterkari og eru góð samskipti lykill að slíku!

Árangur síðasta árs, áskoranirnar sem við höfum sigrast á og markmiðin sem við setjum okkur fyrir framtíðina eru öll skref í áframhaldandi vegferð okkar. Við erum að ná nýjum hæðum á öllum sviðum í lífi sambands okkar og erum tilbúin í næsta þroskastig.

Höldum áfram að klifra hærra, dreyma stærra og byggja upp arfleifð sem komandi kynslóðir verða stoltar af að erfa.

# Stjórn og nefndir

## Stjórn

Manuela Magnúsdóttir (formaður)  
Friðrik Már Baldursson (gjaldkeri)  
Helen Hannesdóttir  
Vikar Hlynur Þórisson  
Ólafur Hrafn Nielsen

## Fjármálanefnd

Meðlimir: Friðrik Már Baldursson.

## Afreksnefnd

Meðlimir: Elísabet Birgisdóttir (formaður), Lilja Björk Baldvinsdóttir, Benedikt Ófeigsson og Guðmundur Freyr Arnarson (fulltrúi keppenda). Elmar Orri Gunnarsson, landsliðsþjálfari, situr fundi afreksnefndar.

## Mótanefnd

Meðlimir: Benjamin Mokry (formaður), Ólafur Hrafn Nielsen, Arnór Már Guðmundsson.

## Fræðslu- og dómaranefnd

Meðlimir: Jóhann Haraldsson (formaður), Andri Már Ómarsson, Smári Stefánsson, Inga Hrund Gunnarsdóttir, Vikar Hlynur Þórisson, Þóra Bergsveinsdóttir.

## Útbreiðslunefnd

Meðlimir: Knútur Garðarsson (formaður), Vikar Hlynur Þórisson, Björgvin Hilmarsson, Sighvatur Sveinsson.

## Heiðurs- og viðurkenningarnefnd

Meðlimir: Bjarnheiður Kristinsdóttir (formaður), Elísabet Birgisdóttir, Valdimar Björnsson og Manuela Magnúsdóttir.

# Iðkendatölur

Allar tölur eru fengnar úr skilum klifurfélaga og deilda inná Sportabler.

<b>Klifurfélag</b>	<b>Iðkenda fjöldi</b>
Klifurfélag Reykjavíkur	1592
Fimleikafélagið Björk	265
Klifurfélag ÍA	46
Kraftlyftingafélag Akureyrar	26
Klifurfélag Öræfa	9
<i>Samtals</i>	<i>1938</i>

# Viðburðir

## Útiklifurþing KÍ og ÍSALP

Útiklifurþing KÍ og ÍSALP var haldið laugardaginn 14. október í húsakynnum ÍSÍ að Engjateig. Rafn Emilsson opnaði þingið og Snævarr Guðmundsson hélt tölu um sinn klifurferil og sögu klifurs á Íslandi. Skipuleggjendur þakka Snævarri kærlega fyrir mjög áhugaverðan fyrirlestur og bendum við á að hægt er að nálgast upptöku á Facebook síðu Klifursambands Íslands. Þrjár vinnustofur voru í boði og var skipt upp í sex hópa þar sem tveir hópar í senn tókust á við hvert umræðuefni.

Umræðuefnin og niðurstöður umræðna voru eftirfarandi:

### Aðgengismál

Einróma samþykki að ráðast þyrfti í aðgerðir. Stofnaður var hópur einstaklinga sem mun leiða þessa vinnu. Áhugasamir mega gjarnan hafa samband við stjórn KÍ eða ÍSALP. Í þeim vinnuhópi sitja Björgvin, Elísabet og Laufey.

### Klifursiðferði

Flestir voru samþykki því að siðareglur væri gott að hafa skrifaðar svo auðveldara sé að framfylgja þeim og benda á. Lagðar voru fram þýddar siðareglur frá Bandaríkjunum. Miklar umræður sköpuðust um hvenær sport klifurleið er boltuð og hvenær á ekki að bolta traditional leiðir. Siðareglur munu þarfnast ítrunar síðar.

### Gráður

Þar voru miklar og góðar vangaveltur. Voru allir vinnuhópar samþykki því að samræmi þyrfti að hafa innan svæða, en erfitt væri að bera saman gráður milli svæða þar sem eiginleikar bergsins og klifurstíll getur verið breytilegur milli svæða. Rætt var um franskar og amerískar gráður, og hópast var þar í tvær fylkingar þar sem sumir segja það auðveldara að hugsa í frönskum en mörgum fannst þar sem uppruni klifurs á Íslandi var í amerískum að við ættum að halda í söguna. Við spurningunni “Hver ræður gráðum?” komu mjög mörg sjónarhorn, sumir töldu frumfarann bera þá ábyrgð en öðrum fannst að einstaklingur sem boltar leið bera of mikla ábyrgð og enn öðrum fannst þetta vera í höndum útgefenda leiðarvísa. Flestum fannst mjög gott að geta haft gráðun leiða opna fyrsta árið, þar til breiðari hópur hefur mátað sig við hana.

Við viljum þakka þeim sem mættu og lögðu orð í belg en vonumst jafnframt að fleiri sjái sér fært að mæta næst.

KÍ fagnar samvinnu allra klifrara því með samvinnu verðum við sterkari og klifuríþróttin sömuleiðis stærri.

## Fræðsuerindi frá Gudmund Grønhaug

Á vormánuðum kom til landsins Dr. Gudmund Grønhaug til að halda fyrirlestra um fyrirbyggingu á meiðslum hjá klifurum. Einn fyrirlesturinn var haldinn fyrir úrvalshóp ungmenna og aðstandendur þeirra og annar fyrir almenning.

## Námskeið fyrir dómara og þjálfara

Klifursambandið hélt í fyrsta skipti námskeið á síðastliðnu ári. Nokkur dómara námskeið voru haldin, fyrst dómara námskeið fyrir línuklifur 1 og dómara námskeið fyrir grjótgímu 1 þar sem farið er yfir grunninn í dómgæslu í hvorri grein. Dómara námskeið fyrir línuklifur 2 var svo haldið um haustið þar sem þátttakendum á fyrra námskeiðinu stóð til boða að auka þekkingu sína. Námskeiðin voru öll kennd af Jóhanni Haraldssyni yfirdómara KÍ. Öll námskeiðin voru vel sótt og eru mikilvægur liður í því að byggja hér upp hóp af einstaklingum sem geta tekið þátt í dómgæslu á öllum stigum keppna í klifri hérlendis. Þjálfara námskeið 1 var haldið í september í húsakynnum Klifurhússins. Leiðbeinendur námskeiðsins voru Elmar Orri Gunnarsson, landsliðsþjálfari, Örn Árnason, yfirþjálfari klifurdeildar Bjarkarinnar og Laufey Rún Þorsteinsdóttir, þjálfari hjá Klifurfélagi Reykjavíkur.



# Klifurfólk ársins og heiðursviðurkenningar

## Kvenklifrari ársins 2023

Svana Bjarnason hefur verið ein af sterkustu klifurum þjóðarinnar undanfarinn áratug. Á síðasta ári tók hún aftur fram keppnisskóna eftir að hafa ekki keppt á Evrópu- eða heimsstigi frá því á unglingsárunum. Hún hafnaði í 73. sæti í heildarkeppni HM (s.s. keppt í bæði grjótglímu og línuklifri) og 56. sæti á heimsbikarmóti í línuklifri í Briançon það sama ár. Árið endaði síðan með því að hún tryggði sér keppnisrétt á úrtökumótaröðinni fyrir Ólympíuleikana 2024 með því að vera efst á heimslistanum af þeim íþróttakönnum sem börðust um Universality sætið.

## Karlklifrari ársins 2023

Guðmundur Freyr Arnarsson er margfaldur Íslandsmeistari í grjótglímu og línuklifri. Á árinu sem lauk keppti hann m.a. á Heimsmeistaramótinu í Bern, heimsbikarmótum og Norðurlandamótum fyrir Íslands hönd í bæði grjótglímu og línuklifri. Guðmundur, eða Mundi eins og hann er kallaður, hafnaði í 85. sæti í heildarkeppni HM (s.s. keppt í bæði grjótglímu og línuklifri). Auk þess er hann Íslandsmeistari í grjótglímu og vann Reykjavíkurlaikana 2023.

## Heiðursviðurkenningar

### Rúna Thorarensen

Rúna Thorarensen fær Heiðursviðurkenningu KÍ fyrir að vera fyrsta íslenska konan, sem alist hefur upp í íslenska klifursamfélaginu, til að klifra útiklifurleið með gráðuna 8a í Siurana. Árangur Rúnu er mikill innblástur fyrir okkur öll og vitnisburður að þeim árangri sem við getum náð með þrautseigju og hugrekki. Hún byrjaði að klifra fyrir um 15 árum síðan og hefur árangur hennar í útiklifri náð nýjum hæðum eftir að fjölskyldan flutti til Siurana, Spáni, haustið 2021. Sýndi með því mikið hugrekki að hoppa út fyrir þægindarammann í Reykjavík og hefja nýtt líf nær útiklifurleiðum og sterku klifursamfélagi.

*Mynd: Björgvin Hilmarsson.*



## Björn Baldursson

Björn Baldursson fær Heiðursviðurkenningu KÍ fyrir bæði vel unnin störf í þágu íþróttarinnar sem og fyrir ótrúlegan árangur síðustu 35-40 árin. Björn náði á árunum kringum '95 mögnum árangri í sportklifri, sem og komst á heimsbikarsmót í Villach '94. Gaman er að segja frá því að í ár eru nú komin 30 ár síðan. Björn er mikil fyrirmynd fyrir alla klifrara hérlandis, útklifrara sem og innanhúss afreksfólk bæði fyrir atorku og ástríðu sína gagnvart klifri. Hér má lesa samantekt af aðdraganda mótsins í Villach '94 frá Birni sjálfum:



Aðdragandinn að því að ég tók þátt í heimsbikarmótinu 1994 var sá að ég tók þátt í sænsku meistaramóti 1993, þar sem ég lenti í 2. sæti og í framhaldi því langaði mig til að taka þátt í heimsbikarmóti. Ég bjó úti í Frakklandi veturinn 1993-1994 og klifraði mikið þar og langaði til að taka þátt í alþjóðlegu klifurmóti en á þessum tíma voru Norðurlandamót í klifri ekki byrjuð. Þá lá beinast við að reyna að komast inn á klifurmót í Evrópu, t.d. heimsbikarmót. Það var ekki hlaupið að því þar sem ÍSALP var ekki meðlimur í UIAA (Alþjóðasamtök Alpaklúbba) sem héldu utan um klifurmótin 1994. Það var úr að ég setti mig í samband við Magnús Tuma Guðmundsson, sem var formaður Ísalp, og við sömdum um að ÍSALP myndi borga félagsgjald í UIAA og þannig gæti ég keppt fyrir hönd Íslands á alþjóðlegu klifurmóti. Þetta var ansi flókið, því að ég þurfti að fá staðfestingarskjöl að heiman til þess að fá keppnisrétt á mótinu í Villach. Magnús Tumi þurfti að senda skjölin með faxi og ég þurfti svo að skrifa undir skjölin og faxes þau til baka. Nú voru góð ráð dýr, því að við vorum í Arco í Ítalíu að klifra og höfðum hvergi aðgang að faxtæki. Ég fór þá í bókabúð í Arco og spurði hvort ég gæti fengið fax sent þangað, hringdi svo í Magnús Tuma og gaf honum upp fax númerið þangað sem hann gæti sent skjölin. Ég svo skrifað undir skjölin og faxes þau aftur heim. Ég hafði talsverðar áhyggjur af því að það hefðu orðið einhver mistök í öllu þessu ferli og ég hefði ekki fengið keppnisrétt á mótinu, en það gekk allt eftir. Frá Arco, keyrðum við til Slóveníu, Ösp, þar sem ég æfði mig fyrir mótið áður en við keyrðum til Villach í Austurríki. Þegar við komum þangað náði ég æfingu í klifurvegg í næsta bæ við Villach.

Það hefði verið gott að hafa tækifæri til að æfa sig í innanhúsveggjum lengur en í einn dag, því að ég hefði verið að klifra úti allan veturinn.

Það var mikil lífsreynsla að taka þátt í heimsbikarmótinu en líka dálítið yfirþyrmandi að sjá þar alla bestu klifrara heims samankomna og vera kominn á stóra sviðið í klifrinu. Ég hafði ekki reynslu af svona stórum keppnum og hafði engan þjálfara með mér, t.d. voru önnur landslið með þjálfara og sjúkranuddara. Ég byrjaði strax að hita upp um morguninn en keppti svo ekki fyrr en klukkan fimm síðdegis, þ.a. eftir að hyggja hefði verið betra að byrja á því að hvíla sig og hita upp síðar. Ég var í ráshóp með Francois Legrand frá Frakklandi og Yuchi Hirayama frá Japan og fleirum stórum nöfnum á þeim tíma, sem var mikil upplifun fyrir mig.

Ég var reynslunni ríkari eftir þátttökuna í heimsbikarmótinu og þegar ég tók þátt í fyrsta Norðurlandamótinu í klifri í Lillehammer í Noregi 1995 þá náði ég 3. sæti. Á árunum þar á eftir tók ég þátt í Norðurlandamótum sem ég náði yfirleitt inn í 8 manna úrslit (final).

*Úrslit Villach:*

[https://www.digitalrock.de/egroupware/ranking/sitemgr/digitalrock/eliste.html#!comp=94\\_WC\\_VI&cat=ICC\\_M](https://www.digitalrock.de/egroupware/ranking/sitemgr/digitalrock/eliste.html#!comp=94_WC_VI&cat=ICC_M)

*Keppnisupplýsingar um Björn:*

<https://www.digitalrock.de/egroupware/ranking/sitemgr/digitalrock/pstamb1.html#person=70&cat=1>

# Landslið og úrvalshópar

## Starfsárið

Núna er landsliðsþjálfari, Elmar Orri Gunnarsson, kominn í fullt starf og sinnir hann bæði úrvalshópi KÍ og úrvalshópi ungmenna. Stuðningurinn við úrvalshópana er tvíþættur: Annars vegar uppsetning æfinga og hins vegar þjálfun og leiðsögn út frá árangri sem byggir á langtímamarkmiðum. Úrvalshópur ungmenna hefur að jafnaði eina æfingu í mánuði þar sem sett er upp æfingamót eða tækniæfing fyrir hópinn. Úrvalshópur fullorðinna fær núna leiðir fyrir æfingar að jafnaði 1-2 í viku sem eru nýttar í tækniæfingar og æfingaumferðir. Allt íþróttafólk í úrvalshópum KÍ æfir að jafnaði 5-6 daga vikunnar undir handleiðslu þjálfara en sú þjálfun er líka í höndum félagsþjálfara viðkomandi íþróttamanna. Í loka árs var stofnaður úrvalshóp paraklifrara og mun vinna við að þróa það starf áfram halda áfram á árinu.

Árið 2023 var fyrsta árið þar sem KÍ gat sent keppendur á alþjóðleg mót á vegum IFSC eftir að skráningin þar inn gekk í gegn. Keppendur bæði úr úrvalshópi ungmenna og fullorðinni tóku þátt á þó nokkrum mótum á árinu. Fyrsta mótið á vegum IFSC sem KÍ sendi keppendur á var Evrópubikarmót ungmenna í grjótglímu sem haldið var í apríl í Soure í Portúgal. Í júní fór stærri hópur á Evrópumeistaramót ungmenna í Duisburg í Þýskalandi og safnaðist mikil reynsla í bankann hjá þessum ungmennum. Ísland átti einnig keppendur í fullorðinsflokki á stórum alþjóðlegum mótum en það voru Svana Bjarnason, Guðmundur Freyr Arnarson og Birgir Óli Snorrason sem tóku þátt bæði á heimsbikarmótum og heimsmeistaramótinu sem haldið var í Bern í Sviss.

Norðurlandamótið í grjótglímu fór fram í Osló í mars 2023 og fóru 18 keppendur ásamt fylgdarfólki á vegum KÍ. Bestum árangri náðu Agnes Matthildur Folkmann í U18 og Jenný Þóra Halldórsdóttir í U16 en þær komust báðar í úrslit í sínum flokkum og enduðu báðar í 6. sæti. Norðurlandamótið í línuklifri fór fram í nóvember 2023 í Kaupmannahöfn og var þetta stærsti hópur keppenda í línuklifri frá Íslandi sem haldið hefur á mót erlendis. 18 keppendur héldu á mótið og var þar á meðal Gauti Stefánsson sem keppti á Norðurlandamóti paraklifrara. Hann keppir í flokki einfættra og endaði þar í 4. sæti. Fjölmargir íslenskir keppendur komust í úrslit á mótinu. Úr úrvalshópi ungmenna komust Paulo Mercado Guðrúnarson og Greipur Ásmundarson í úrslit í U18 karla og Jenný Þóra Halldórsdóttir í úrslit í U16 kvenna. Í flokki fullorðinna komust Guðmundur Freyr Arnarson, Birgir Óli Snorrason og Stefán Þór Sigurðsson í úrslit í karlaflokki og bestum árangri íslenskra keppenda á mótinu náði Gabriela Einarsdóttir sem endaði í 6. sæti í kvennaflokki.

## Leiðin á Ólympíuleikana

Ísland náði aðeins fjórum keppendum inn á síðustu Ólympíuleika og fær þar með að tilnefna keppendur sem eiga möguleika á að fá úthlutaðu svokölluðu Universality Place plássi á leikana. Því er úthlutað til að auka fjölbreytileika þeirra þjóða sem keppa á leikunum og til að gefa smærri þjóðum og sérsamböndum aukið svigrúm til að koma keppendum á leikana. Í klifri var eitt slíkt pláss í boði fyrir hvort kyn frá öllum löndum sem eiga möguleika á slíku plássi en þau eru um 90 talsins en ekki í nærri öllum þeim löndum er klifursamband starfandi. Keppendur okkar sáu að þarna væri möguleiki fyrir hendi og ekkert í þeirra fyrirstöðu í að stefna að því að ná þessu plássi. Skilyrðin til þess að ná þessu plássi voru þó nokkur en fyrst og fremst þurftu keppendur að ná stigum á heimslistunum í bæði grjótglímu og línuklifri og vera efst af Universality Place kandídötunum. Kí stóð til boða að senda tvo keppnisklifrara ásamt þjálfara í æfingabúðir á vegum IFSC í júní í tengslum við Universality Place plássin. Elmar landsliðsþjálfari fór ásamt Guðmundi Frey Arnarsyni og Svönu Bjarnason. Það var almennt álit þjálfara þeirra landa sem tóku þátt að Guðmundur Freyr Arnarson og Svana Bjarnason væru sterkustu íþróttamennirnir sem keppa um þessi sæti. Svana Bjarnason náði því markmiði og náði þar með rétti til að keppa á Olympic Qualifying Series sem haldið er í byrjun sumars 2024. Hún var valin sem ein af sex Universality Place kandídotum ÍSÍ í byrjun árs 2024 og þar með komin í hóp með besta íþróttafólki landsins í einstaklingsgreinum.

## Samantekt á helstu afrekum

- Svana Bjarnason, 73. sæti í heildarkeppninni HM (s.s. bæði grjótglíma og línuklifur) og 56. sæti á heimsbikarmóti í línuklifri í Briançon.
- Gabríela Einarsdóttir, 6. sæti á NM í línu og náði 3. sæti á dönsku bikarmóti í línuklifri.
- Guðmundur Freyr Arnarson, 88. sæti í grjótglímu og 85. sæti í heildarkeppni HM. Hann endaði í 7. sæti á NM í línu.
- Birgir Óli Snorrason náði 9. sæti á NM í línuklifri.
- Stefán Þór Sigurðsson endaði í 10. sæti á NM í línuklifri.
- Lukka Mörk Blomsterberg, 25. sæti í U20 á Evrópumeistaramóti ungmenna í grjótglímu.
- Paulo Mercado, 1. sæti í U18 á bikarmóti í grjótglímu í Danmörku.
- Agnes Matthildur Folkmann, 5. sæti í U18 á NM í grjótglímu.
- Jenný Þóra Halldórsdóttir, 8. sæti í U16 á NM í grjótglímu og 2. sæti í U16 á dönsku bikarmóti í grjótglímu. Hún sigraði síðan í U16 á dönsku bikarmóti í línuklifri í nóvember.

- Ilmur Jónsdóttir, 3. sæti í U14 í Skoska unglingsmeistaramótinu í línuklifri og 6. sæti (U14) í skosku grjótblímumótaröðinni. 3. sæti í fyrstu umferð Four Nations Lead Series og 4. sæti á English Lead Cup í Exeter.

## Yfirlit yfir æfingaferðir og erlend mót

Æfingabúðir til Leeds (Bretland), febrúar  
Æfingabúðir til Parísar (Frakkland), mars  
NM í grjótblímu (Noregur), mars  
Evrópubikarmót ungmenna í grjótblímu (Portúgal), apríl  
Bikarmót í grjótblímu (Danmörk), maí  
Heimsbikarmót í grjótblímu (Tékklandi), júní  
Heimsbikarmót í grjótblímu (Ítalía), júní  
Evrópumeistaramót ungmenna í grjótblímu (Þýskaland), júní  
Heimsbikarmót í grjótblímu (Austurríki), júní  
Heimsbikarmót í línuklifri (Austurríki), júní  
Æfingabúðir IFSC (Ítalía, Sviss), júní/júlí  
Heimsbikarmót í línuklifri (Sviss), júlí  
Heimsbikarmót í línuklifri (Frakkland, Chamonix), júlí  
Heimsbikarmót í línuklifri (Frakkland, Briancon), júlí  
Nordic Youth Camp (Svíþjóð, Bohuslan), júlí  
Heimsmeistaramót í línuklifri, grjótblímu og heildarkeppni (Sviss), ágúst  
Æfingamót í Kaupmannahöfn (Danmörk), september  
Heimsbikarmót í línuklifri (Slóvenía), september  
Æfingaferð til Mílanó (Ítalía), október  
ÓL úrtökumót (Frakkland, Laval), október  
Bikarmót í línuklifri (Danmörk), nóvember  
NM í línuklifri (Danmörk), nóvember

## Meðlimir úrvalshópa KÍ

### Úrvalshópur KÍ (fullorðnir)

Birgir Óli Snorrason  
Gabríela Einarasdóttir  
Guðmundur Freyr Arnarson

Stefán Þór Sigurðsson  
Svana Bjarnason  
Sveinn Elliði Björnsson

### Úrvalshópur paraklifrara

Gauti Stefánsson

### Úrvalshópur ungmenna

Agnes Matthildur Folkmann  
Anabel Guðlaug L Guðmundsdóttir  
Anna Valgerður Káradóttir  
Árni Hrafn Hrólfsson  
Beníta Líf Pálsdóttir  
Brynjar Már Guðmundsson  
Elís Gíslason  
Erla Kristín Stefánsdóttir  
Eygló Elvarsdóttir  
Garðar Logi Björnsson  
Greipur Ásmundarson  
Gunnar Egill Guðlaugsson  
Hekla Petronella Ágústsdóttir  
Hilmir Jóhannsson

Hlynur Þorri Benediktsson  
Jenný Þóra Halldórsdóttir  
Judite Guðbjörg da Silva  
Kári Þór Þórsson  
Lukka Mörk Sigurðardóttir Blomsterberg  
Ólafur Bjarni Ragnars  
Paulo Mercado Guðrúnarson  
Reynir Ólafsson  
Sigrún Vala Valgerðardóttir  
Sigurður Orri Óskarsson  
Sólun Thorberg Helgason  
Sverrir Elí Guðnason  
Sylvía Þórðardóttir  
Þórdís Nielsen  
Þórkatla Þyrí Sturludóttir

# Mót

## Íslandsmeistaramót í grjótblímu

Íslandsmeistaramót í grjótblímu var haldið í Klifurhúsinu 11. til 12. mars. Yfirleiðasmiður mótsins var Mauro Schwaszta.

### Opinn flokkur kvenna

1. Hekla Petronella Ágústsdóttir
2. Lukka Mörk Blomsterberg  
Sigurðardóttir
3. Gabríela Einarsdóttir

### Opinn flokkur karla

1. Guðmundur Freyr Arnarson
2. Birgir Óli Snorrason
3. Stefán Þór Sigurðsson

### U20 stelpur

1. Lukka Mörk Blomsterberg  
Sigurðardóttir

### U20 strákar

1. Sólon Thorberg Helgason
2. Árni Hrafn Hrólfsson
3. Óðinn Arnar Freysson

### U18 stelpur

1. Hekla Petronella Ágústsdóttir
2. Agnes Matthildur Folkmann
3. Þórdís Nielsen

### U18 strákar

1. Elís Gíslason
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Greipur Ásmundarson

### U16 stelpur

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Þórkatla Þyrí Sturludóttir
3. Sigrún Vala Valgerðardóttir

### U16 strákar

1. Hlynur Þorri Benediktsson
2. Sigurður Orri Óskarsson
3. Kári Þór Þórsson

### U14 stelpur

1. Dagbjört Lilja Oddsdóttir
2. Friðrika Gunnarsdóttir
3. Sóley Freyja Friðsteinsdóttir

### U14 strákar

1. Breki Einarsson
2. Guðmundur Björnsson
3. Gunnar Þór Stefánsson



## Íslandsmeistaramót í línuklifri

Íslandsmeistaramót í línuklifri í opnum flokki fór fram í Miðgarði 18. nóvember.

Opinn flokkur kvenna

1. Gabríela Einarisdóttir
2. Hekla Petronella Ágústsdóttir
3. Anabel Guðlaug Leplar Guðmundsdóttir

2. Sólon Thorberg Helgason

U18 stelpur

1. Hekla Petronella Ágústsdóttir
2. Anabel Guðlaug Leplar Guðmundsdóttir
3. Þórdís Nielsen

Opinn flokkur karla

1. Greipur Ásmundarson
2. Guðmundur Freyr Arnarson
3. Stefán Þór Sigurðsson

U18 strákar

1. Greipur Ásmundarson
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Garðar Logi Björnsson

U20 strákar

1. Óðinn Arnar Freysson

Íslandsmeistaramót unglunga í línuklifri var haldið af Klifurdeild Bjarkanna 2. desember í klifurveggnum í Bjarkarheimilinu.

U16 stelpur

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Anabel Guðlaug Leplar Guðmundsdóttir
3. Sigrún Vala Valgerðardóttir

U14 stelpur

1. Ilmur Jónsdóttir
2. Friðrika Gunnarsdóttir
3. Dagbjört Lilja Oddsdóttir

U16 strákar

1. Sigurður Orri Óskarsson
2. Kári Þór Þórsson
3. Hlynur Þorri Benediktsson

U14 strákar

1. Breki Einarsson
2. Heimir Steinn Svansson
3. Daníel Ingi Andrason

## Bikarmót í grjótblímu

Bikarmót í grjótblímu var haldið af Klífurhúsinu í október og fóru úrslitin í opnum flokki fram á nýjum færanlegum keppnisvegg félagsins í Laugardalshöll. Mótið var einnig fyrsta þriggja umferð mótið í grjótblímu sem haldið hefur verið héraendis. Yfirleiðasmiður mótsins var Nikoline Ohström.

### Opinn flokkur kvenna

1. Lukka Mörk Sigurðardóttir  
Blomsterberg
2. Gabríela Einarsdóttir
3. Sigrún Hrólfsdóttir

### Opinn flokkur karla

1. Birgir Óli Snorrason
2. Guðmundur Freyr Arnarson
3. Greipur Ásmundarson

### U20 stelpur

1. Lukka Mörk Sigurðardóttir  
Blomsterberg

### U20 strákar

1. Sólon Thorberg Helgason
2. Óðinn Arnar Freysson

### U18 stelpur

1. Hekla Petronella Ágústsdóttir
2. Sylvía Þórðardóttir
3. Eygló Elvarsdóttir

### U18 strákar

1. Greipur Ásmundarson
2. Elís Gíslason

### 3. Paulo Mercado Guðrúnarson

### U16 stelpur

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Friðrika Gunnarsdóttir
3. Anabel Guðlaug L  
Guðmundsdóttir

### U16 strákar

1. Kári Þór Þórsson
2. Hlynur Þorri Benediktsson
3. Sigurður Orri Óskarsson

### U14 stelpur

1. Steinunn Harðardóttir
2. Laufey Ásdís Traustadóttir
3. Sóley Freyja Friðsteinsdóttir

### U14 strákar

1. Heimir Steinn Svansson
2. Guðmundur Björnsson
3. Leó Benjaminsson

## Bikarmót í línuklifri

Bikarmót í línuklifri fór fram í Miðgarði 31. maí og var keppt í opnum flokki í kvenna og karla.

### Opinn flokkur kvenna

1. Vera Leoni Bakker
2. Sýlvía Þórðardóttir
3. Agnes Matthildur Folkmann

### Opinn flokkur karla

1. Valdimar Björnsson
2. Birgir Óli Snorrason
3. Árni Hrafn Hrólfsson

### U16 stelpur

1. Beníta Líf Pálsdóttir
2. Jenný Þóra Halldórsdóttir
3. Anabel Guðlaug L  
Guðmundsdóttir

### U16 strákar

1. Sigurður Orri Óskarsson
2. Kári Þór Þórsson
3. Hilmir Jóhannsson

# Útiklifurafrek Íslendinga

Þessi samantekt er að mestu byggð á skráningum á sportklifurleiðum og grjótglimuprautum á 8a.nu, en með viðbótum úr ársriti Ísalp. Þetta er þó örugglega ekki tæmandi skrá og er beðist velvirðingar á yfirsjónum. Í sportklifri er miðað við gráðu 7a+/5.12a í kvennaflokki og 7c+/5.13a í karlaflokki. Í grjótglimu er miðað við 7B/V8 hjá körlum og 6C/V5 hjá konum.

Rúna Thorarensen náði frábærum árangri í útiklifri á árinu 2023. Í apríl klifraði hún erfiðustu leið – þegar litið er til gráðu – sem kona sem ólst upp í íslensku klifursamfélagi hefur klifrað, San Carlos de la Birlocha í Siurana (8a/5.13b). Hún klifraði einnig Fòrum (7c/5.12d) í Siurana fyrir utan fjórar 7b+/5.12c, fjórar 7b/5.12b og sex 7a+/5.12a leiðir í Siurana og á öðrum klifursvæðum í Katalóníu.

Af öðrum afrekum kvenna má nefna að Svana Bjarnason klifraði Mind Control (8c/5.14b), China's crisis (8b+/5.14a) og Gorilas en La niebla (8b+/5.14a). Sigrún Hrólfsdóttir klifraði Ya somos Olímpicos (7c/5.12d) og La Casa de los Tullidos (7b+/5.12c) í Sella auk leiðanna Leikið á als oddi (afbrigði, 7b/5.12b), Kúreki norðursins (7a+/5.12a, flass) og Sundlaugarpartý (7a+/5.12a) á Hnappavöllum; Sylvía Þórðardóttir klifraði Fòrum (7c/5.12d) í Siurana auk El Asesino el es Sherif (7b+/5.12c) í Arbolí; Holly Spice og Elísabet Birgisdóttir klifruðu Sundlaugarpartý (7a+/5.12a) á Hnappavöllum.

Meðal karla klifraði Valdimar Björnsson Monster House (8b+/5.14a) í Siurana; Óðinn Arnar Freysson klifraði Föðurlandið (8a+/5.13c) og Draumalandið (7c+/5.13a) á Hnappavöllum; Sölvi Geir Björnsson klifraði einnig Föðurlandið; Helgi Egilsson klifraði San Carlos de la Birlocha (8a/5.13b) í Siurana; Sólon Thorberg klifraði Draumalandið (7c+/5.13a); Þórður Sævarsson fór einnig Draumalandið ásamt Fantasíu (7c+/5.13a) á Hnappavöllum; og Tómas Shimomura Magnússon klifraði L'Escamarlà (7c+/5.13a) í Siurana.

Í grjótglimu klifraði Sólon Thorberg Helgason fjórar þrautir af gráðu 7C/V9: Bóndabeyggju í Vestrahorni, I walk alone í Jósepsdal, Áfram veginn í Leirvogsgili og Bagheera í Fontainebleau. Sólon fór einnig þrautina Vögel í Þrengslum (7B+/V8) auk fimm 7B þrauta á Íslandi og í Fontainebleau; Sölvi Geir Björnsson klifraði Perlu hafsins (7C/V9) og Ökuníðing (7B+/V8); Alexander Ólafsson klifraði Hnappavallaundrið (7B/V8); og Óðinn Arnar Freysson fór Human behavior (7B/V8).

Hjá konum ber að nefna að Sigrún Hrólfsdóttir klifraði Gros Ventre (6C) í Fontainebleau og Sýlvía Þórðardóttir, Jenný Þóra Halldórsdóttir, Agnes Matthildur Folkmann (flass) og Anabel Guðlaug L Guðmundsdóttir fóru Bestu leiðina (6C) í Akrafjalli.